

REGLUR UM AKSTURÞJÓNUSTU Á AKUREYRI

Stuðst er við 35. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 varðandi reglur þessar.

Markmið og markhópur

1. gr.

Megintilgangur aksturþjónustu Akureyrarbæjar er að notendur hennar geti stundað vinnu, nám, þjálfun, notið heilbrigðisþjónustu, hæfingar hvers konar og tómstunda. Ferðir vegna vinnu, þjálfunar, heilsugæslu og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Fjöldi ferða til annarra nota er háður takmörkunum og miðað við að þær séu ekki fleiri en 20 á mánuði. Miða skal við að ferðir fyrir einstakling verði ekki fleiri í heild en 70 á mánuði.

2. gr.

Aksturþjónusta Akureyrarbæjar er ætluð til afnota fyrir þá einstaklinga sem eiga lögheimili í Akureyrarkaupstað og geta ekki vegna langvarandi skerðingar á færni notað almenningsvagnþjónustu og hafa ekki aðgang að eigin farartæki eða geta vegna aðstæðna sinna, ekki nýtt sér það.

Með langvarandi skerðingu á færni er átt við skerðingu sem varir í þrjú mánuði eða lengur þar sem talið er að þá sé liðinn það langur tími að ætla megi að kostnaður vegna ferða hafi áhrif á fjárhag viðkomandi.

Akstursþjónusta fyrir fötluð börn

Forráðamenn barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn vegna tómstunda, skóla læknisferða, sjúkráþjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Börn yngri en sex ára skulu ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar þau ferðast með aksturþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð foreldra að útvega hann. Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna nema í þeim tilvikum þar sem barn sökum fötlunar geta ekki nýtt sér almenningsvagnþjónustu eða skólaakstur. Þessi börn eiga rétt á ferðaþjónustu til og frá skóla skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma, þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelst í lengdri viðveru á vegum skólans.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlum er að ræða, s.s. vegna beinbrota og liðskiptaaðgerða. Í tilvikum þar sem einstaklingur hafa eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið fjölskyldunet er heimilt að veita aksturþjónustu þótt um sé að ræða færniskerðingu sem varir skemur en þrjú mánuði.

3. gr.

Einstaklingar, sem ekki eiga lögheimili í Akureyrarkaupstað, geta sótt um aksturþjónustu og skal hún veitt ef lögheimilissveitarfélagið greiðir fyrir allan kostnað vegna aksturs. Skal samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir áður en þjónusta er veitt.

Umsjón þjónustunnar

4. gr.

Búsetudeild sér um faglegt mati á þörf fyrir þjónustu og ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna.

Strætisvagnar Akureyrar sjá um og bera ábyrgð á framkvæmd aksturþjónustu Akureyrar. Ábendingum notenda varðandi framkvæmd þjónustunnar skal beina til Strætisvagna Akureyrar.

SVA ber ábyrgð á og sinnir eftirliti með upplýsingakerfi notendaþjónustu og sér um að koma niðurstöðum um veitta þjónustu til umsjónaraðila upplýsingakerfisins. Upplýsingakerfinu er ætlað að tryggja að ávallt séu nýjustu upplýsingar fyrir hendi svo hægt sé að hafa eftirlit með starfsemi.

Búsetudeild og Strætisvagnar Akureyrar skulu halda samráðsfundi sín á milli um verklag, samstarf og framkvæmd þjónustunnar. Um samstarf og verklag gilda verklagsreglur sem framkvæmdastjóri búsetudeildar og framkvæmdastjóri framkvæmdadeildar setja.

Skipulag þjónustu

5. gr.

Aksturþjónusta er almennt veitt virka daga frá kl. 7.30 til kl. 23.30. Um helgar og aðra almenna frídaga er akstrinum sinnt af aðilum, sem SVA fær til verksins og tekur Akureyrarbær þátt í ferðakostnaði með sérstökum ferðakortum sem er úthlutað á skrifstofu SVA og gilda á þjónustutíma strætisvagna.

Semja skal um reglubundnar ferðir við þjónustuþega en sé um óreglulegar ferðir að ræða, þarf alla jafna að óska flutnings með dags fyrirvara.

6. gr.

Þjónustusvæði aksturþjónustunnar er á starfssvæði SVA og nær einnig til ferða til og frá endurhæfingaraðstöðinni í Kristnesi.

7. gr.

Aksturþjónustan skal við framkvæmd þjónustunnar taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki. Bifreiðastjórum sem annast aksturþjónustu er heimilt að synja akstri í einstöku tilvikum séu til þess ríkar ástæður vegna ástands farþega. Þeir starfsmenn sem sinna aksturþjónustu er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um atriði í starfi sínu og skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Gjaldtaka

8. gr.

Fyrir ferð virka daga frá kl. 7.30 til kl. 23.30 skal greiða sama fargjald og viðkomandi hefði annars greitt með SVA. Fylgdarmaður ferðast ókeypis með fólki sem ekki getur ferðast án aðstoðar. Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka. Heimilt er að taka viðbótargjald fyrir akstur í Kristnes.

SVA lætur þeim í té sérstök kort sem eiga rétt á akstri með leigubifreið utan þjónustutíma aksturþjónustu. Leigubifreiðarstjóri tekur við einu slíku korti í lok ferðar sem greiðslu á hluta fargjalds, að upphæð sem framkvæmdaráð ákveður hverju sinni en það sem umfram kann að vera greiða farþegar sjálfir. Ef fleiri en einn ferðast saman í bíl greiðir hver fyrir sig sem svarar einu gjaldi þar til ferðakostnaði er náð.

Afgreiðsla umsókna

9. gr.

Umsóknir um aksturþjónustu skulu berast til búsetudeildar á sérstökum eyðublöðum, sem nálgast má hjá Strætisvögnum Akureyrar, búsetudeild, ráðhúsi Akureyrarbæjar og á heimasíðu bæjarins.

Matshópur, sem skipaður er af deildarstjóra búsetudeildar metur umsóknir til skemmri eða lengri tíma, t.d. árstíðabundið. Matshópurinn hefur heimild til að taka tillit til tímabundinna eða sérstæðra aðstæðna, sem metnar eru sérstaklega hverju sinni, sbr. 2. gr.

Leiki vafi á rétti til þjónustunnar er matshópnum heimilt að óska viðeigandi vottorða, t.d. frá lækni, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara eða þroskaþjálfara. Á grundvelli þjónustumatsins tekur matshópurinn ákvörðun um umfang og eðli þeirrar þjónustu sem veitt er. Komist matshópurinn ekki að sameiginlegri niðurstöðu um afgreiðslu máls eða ef um álitamál er að ræða sem reglur ná ekki yfir þá skal bera málið undir framkvæmdastjóra Búsetudeildar sem ber ábyrgð á afgreiðslu mála gagnvart félagsmálaráði.

10. gr.

Búsetudeild tilkynnir umsækjanda og Strætisvögnum Akureyrar skriflega um samþykki eða synjun umsóknar um aksturþjónustu. Eftir að umsókn hefur verið samþykkt er framkvæmd þjónustunnar í umsjá og á ábyrgð Strætisvagna Akureyrar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn um þjónustu hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

Endurupptaka

11. gr.

Umsækjandi getur óskað þess að umsókn sé tekin til meðferðar á ný ef afgreiðsla félagsmálaráðs á umsóknin hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til félagsmálaráðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjarráð.

Málskot

12. gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun búsetudeildar um afgreiðslu umsóknar til félagsmálaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Telji notandi á rétt sinn hallað við framkvæmd þjónustunnar skv. reglum þessum, og ekki hafa fengið viðunandi úrlausn mála hjá Strætisvögnum Akureyrar og framkvæmdastjóra framkvæmdadeildar getur hann beint athugasemdum til framkvæmdaráðs.

13.gr.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

Gildistaka

14. gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. júní 2010.

Samþykkt í

félagsmálaráði 10.maí 2010
framkvæmdaráði 17.maí 2010
bæjarstjórn 18.maí 2010.